

kirkja skyldi endurbyggjast svo fljótt sem kostur væri á, og prófastur því hafði boðið 144
sóknarnefndinni að jafna niður skylduvinnu við grjótaðflutning, grunnhleðslu og viðar- 12. des.
flutning samkvæmt reglugj. 17. júlí 1782, 15. gr. og lögum nr. 11, 12 maí 1882, hafi
sóknarnefndin færst undan að inna þessa skyldu sína af hendi, og margir sóknarmenn
auk þess á safnaðarfundi neitað að vinna tjeð skylduverk, sjerstaklega af þeirri átyllu,
að sjóður kirkjunnar væri nægilega mikill til að standast allan byggingarkostnað.

Eptir að prófastur hafði gjört ítrekaðar tilraunir til þess að fá nefndina til að
gegna skyldu sinni og síðan skýrt yður frá mótstöðu þessari, er tálmaði framkvæmd
kirkjubyggingarinnar, og gjörði lögtak fyrir andvirði skylduvinnunnar óframkvæmanlegt,
tjáist þjer hafa leitað aðstoðar amtmannsins í norður- og austuramtinu, og beðið hann
gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að sóknarnefndin gegndi skyldu sinni, en í brjefi
dags. 5. f. m. hafi amtmáðurinn tjáð yður, að nefndin hafi ekki látið skipast við alvar-
legar áminningar hans, og hafi hann látið í ljósi, að með því að hann þykist ekki
hafa vald til að beita þvingunarsektum gagnvart henni, þá liggi ekki annað fyrir, en
að rjettur hlutaðeigandi höfði einkamál á móti sóknarnefndinni til þess að fá hana
dæmda til að fullnægja skyldu sinni að viðlögðum dagsektum. En með því að yður
virðist einkamálavegurinn, sem amtmáður bendir á, seinlegur og umsvifamikill, hafið
þjer spurzt fyrir um það, hvort eigi sje heimild til fyrir umboðsvaldið að þrýsta á neinu
annan hátt þverúðarfullum sóknarnefndum til að gegna skyldu sinni í umræddu efni
án þess lögsóknarvegurinn sje farinn, eða nein önnur hentug ráð til þess að fá þessu
framgengt.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg hlýt að vera amt-
manninum í norður- og austuramtinu samdóma um það, að sóknarnefndinni verði ekki
þröngvað til þess að framkvæma niðurbjónunina nema með dagsektadómi, og til þess að
koma í veg fyrir frekari drátt á kirkjubyggingunni áljzt því ekki annar vegur en sá,
að kirkjueigendur leggi fyrst um sinn fram fje til grjótaðflutnings, grunnhleðslu og við-
araðflutninga, og höfði mál gegn sóknarnefndinni til þess að fá hana dæmda til að jafna
niður eptir dagsverkatölu vinnu þeirri, er til ofanefnds starfs hefur þurft, og má þá
væntanlega innheimta verðlagsskrárandvirði hinna niðurbjónuðu dagsverka hjá bændum
með lögtaki, ef þeir ekki fríviljuglega inna greiðsluna af hendi, sbr. 5. lið fyrstu grein-
ar í lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar 16. desbr. 1885.

Jafnframt því að tjá yður þetta skal jeg bæta því við, að jeg hef í dag lagt
fyrir amtmanninn í norður- og austuramtinu að láta höfða sakamál gegn sóknarnefnd-
inni í Holtastadasókn fyrir það brot gegn 143. gr. sbr. 145. gr. hinna almennu heg-
ningarlaga 25. júní 1869, sem nefndin hefur gjört sig seka í, með því að trássast við og
neita að gjöra lögboðna skyldu sína.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld landsbókasafnsins árið 1890.

Tekjur:

Kr. a. Kr. a.

1. Sjóður við árslok 1889:

a) Innritunarskrifteini Littr. A. Fol. 101 6600 00

Flyt: 6600 00

	Kr. a.	Kr. a.
	6600 00	
Flutt:		
b) $3\frac{1}{2}$ % ríkisskuldabréf Lit. E. Nr. 21830	200 00	
c) $3\frac{1}{2}$ % ——— Lit. E. Nr. 11601	200 00	
d) Í sjóði hjá gjalkera	104 70	7104 70
2. Vextir alls til $\frac{1}{6}$ 1890		241 50
3. Styrkur úr landssjóði alls		1900 00
5. Samkvæmt athugasemd við f. á. reikning viðvíkjandi reikningi Þórarins Þorlákssonar telst með tekjum		13 00
		<u>9259 20</u>
Tekjur alls:		9259 20

Gjöld:

1. Til að kaupa bækur og handrit, fyrir bókbund og prentun á ritaukaskrá		1520 83
2. Fyrir eldivið og flagning		294 88
3. — hreinsun og ræsting		93 41
4. — ýmislegt		20 66
5. — aðstoð við bókavörð við að lagfæra gömul handrit og koma þeim í reglu		100 >
6. Brunabóttagjald fyrir safnið		200 >
7. Sjóður við árslok 1890:		
a) Innritunarskírteini Lit. A. fol. 101	6600 00	
b) $3\frac{1}{2}$ % ríkisskuldabréf Lit. E. Nr. 21830	200 00	
c) $3\frac{1}{2}$ % ——— Lit. E. Nr. 11601	200 00	
d) Í sjóði hjá gjaldkera	29 42	7029 42
		<u>9259 20</u>
Gjöld alls:		9259 20

Reykjavík 24. marz 1891.

Eiríkur Briem.

Ágrip

af sýslusjóðsreikningum í suðuramtinu 1890.

I. Austur-Skaptafellssýsla:

	Kr. a.	Kr. a.
Tekjur:		
1. Eptirstöðvar frá f. á.		94 12
2. Niðurjöfnunargjald		286 44
3. Vegagjald		135 13
		<u>515 69</u>
Gjöld:		
1. Sýslugjöld		358 >
2. Vegabótakostnaður		135 >
3. Eptirstöðvar til næsta árs:		
a) Niðurjöfnunargjald	12 55	
b) Vegagjald	10 14	22 69
		<u>515 69</u>